

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-febrúar 2011

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu tvo mánuði ársins 2011 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri var jákvætt um 8,9 ma.kr. en var jákvætt um 3,4 ma.kr. á sama tímabili 2010. Tekjur reyndust 1,3 ma.kr. hærri en í fyrra á meðan að gjöldin drógust saman um 8,5 ma.kr. milli ára. Þetta er mun betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 4,8 ma.kr.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-febrúar 2007-2011

	Í milljónum króna				
	2007	2008	2009	2010	2011
Innheimtar tekjur	87 597	96 555	90 587	80 951	82 215
Greidd gjöld	56 895	60 274	80 450	87 447	78 997
Tekjujöfnuður	30 702	36 281	10 136	-6 496	3 218
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	- 570	-1 302	1 917	9 923	5 670
Handbært fé frá rekstri	30 133	34 979	12 053	3 427	8 888
Fjármunahreyfingar	-31 733	-2 312	-2 279	-3 433	-1 705
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-1 601	32 668	9 774	- 6	7 183
Afborganir lána	-20 583	- 808	-1 327	-3 105	- 750
Innanlands	-20 583	- 704	-1 327	-3 105	- 750
Erlendis	-	- 104	-	-	-
Greiðslur til LSR og LH	- 660	- 660	-	-	-
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-22 844	31 201	8 447	-3 111	6 433
Lántökur	38 519	2 327	32 389	27 144	31 793
Innanlands	38 519	2 327	32 684	28 507	24 200
Erlendis	-	-	- 295	-1 364	7 593
Breyting á handbæru fé	15 676	33 529	40 836	24 033	38 226

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 82,2 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins og eru það 1,1% meiri tekjur en skiluðu sér á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur voru einnig töluvert meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir, eða 6,6 ma.kr. meiri, og stafar það einkum af meiri innborgunum á tekjuskatti lögaðila, fjármagnstekjuskatti og vaxtatekjum en reiknað var með.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 76,4 ma.kr. samanlagt í janúar og febrúar sem er 1,6% aukning frá fyrra ári og 7,3% yfir tekjuáætlun fjárlaga. Þar af var bókfærður tekjuskattur einstaklinga 15,5 ma.kr. sem er samdráttur um 3,9% frá sama tíma árið 2010 og 2,3% undir tekjuáætlun. Tekjuskattur lögaðila nam 3 ma.kr. sem er 1,5 ma.kr. aukning frá því í fyrra og 1,3 ma.kr. yfir áætlun fjárlaga. Hér er um að ræða reglubundna fyrirframgreiðslu lögaðila upp í þá álagningu sem mun liggja fyrir í haust. Fyrirframgreiðslan miðast ekki við hækkun skatthlutfallsins úr 15% í 18% sem gildir fyrir skattstofn ársins 2010, heldur mun


hækkunin koma fyrst fram við álagningu. Innheimtur fjármagnstekjuskattur var 17,7 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er töluverð aukning frá sama tíma í fyrra. Fjárlagaáætlunin gerði ráð fyrir 13,6 ma.kr. tekjum og er innheimtan því um 4,1 ma.kr. umfram það. Hér er um að ræða skatt af fjármagnstekjum á síðasta fjórðungi ársins 2010 en greiðslurnar dreifðust á tvo mánuði þar sem gjalddaginn var 20. janúar og eindaginn 4. febrúar. Þetta er annað árið þar sem fjármagnstekjuskattur er greiddur fjórum sinnum á ári í stað einnar greiðslu í janúar líkt og gert var áður. Innheimta eignarskatta var 755 m.kr. og jókst um 11,7% milli ára, sem stafar meðal annars af tilkomu auðlegðarskattsins, sem lagður var á í fyrsta sinn í ágúst 2010. Stimpilgjöld námu 348 m.kr. og auðlegðarskattur 147 m.kr., og þá var hlutur erfðafjárskatts meiri en á sama tíma árið 2010 en hann nam 192 m.kr. Þess má geta að skatthlutfall hans fór úr 5% í 10% í ársbyrjun 2011.

Tekjur ríkissjóðs janúar-febrúar 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2009	2010	2011	2009	2010	2011
Skatttekjur og tryggingagjöld	85 066	75 165	76 383	-6,6	-11,6	1,6
Skattar á tekjur og hagnað	46 205	33 404	36 259	2,2	-27,7	8,5
Tekjuskattur einstaklinga	15 498	16 173	15 549	-1,5	4,4	-3,9
Tekjuskattur lögaðila	2 160	1 495	3 007	-26,9	-30,8	101,2
Skattur á fjármagnstekjur	28 547	15 737	17 703	7,6	-44,9	12,5
Eignarskattar	833	676	755	-49,6	-18,9	11,7
Skattar á vöru og þjónustu	30 208	30 487	27 611	-15,6	0,9	-9,4
Virðisaukaskattur	22 260	21 395	17 798	-11,3	-3,9	-16,8
Vörugjöld af ökutækjum	201	187	354	-91,9	-6,8	89,0
Vörugjöld af bensíni	1 489	1 570	1 607	7,0	5,4	2,4
Skattar á olíu	1 162	1 187	1 252	-17,1	2,1	5,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	1 853	2 165	2 131	4,4	16,9	-1,6
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	3 242	3 983	4 468	-12,0	22,8	12,2
Tollar og aðflutningsgjöld	1 072	906	764	-7,4	-15,5	-15,6
Aðrir skattar	427	713	583	32,7	66,9	-18,3
Tryggingagjöld	6 319	8 978	10 411	-8,4	42,1	16,0
Fjárframlög	20	20	22	14,1	0,5	9,4
Aðrar tekjur	6 079	5 914	5 737	13,3	-2,7	-3,0
Sala eigna	1	190	73	-	-	-
Tekjur alls	91 165	81 289	82 215	-5,6	-10,8	1,1

Skattar á vöru og þjónustu námu 27,6 ma.kr. á fyrstu tveimur mánuðum ársins sem er 9,4% samdráttur frá árinu 2010. Þegar horft er á 4 mánaða meðaltal nemur raunlækkunin 3,1% (sjá mynd).

**Raunbreyting skatta á vöru og þjónustu milli ára,
m.v. 4 mánaða hlaupandi meðaltal**



Áréttað skal að myndin sýnir ekki þróun undirliggjandi skattstofna heldur tekjur ríkissjóðs á hverjum tíma (umfram almenna verðlagshækkun). Skattahækkunarir hafa því áhrif á þann feril sem myndin sýnir.

Innheimta virðisaukaskatts í janúar og febrúar nam 17,8 ma.kr. Það er 3,6 ma.kr. lægri fjárhæð en á sama tíma í fyrra sem stafar m.a. af því að greiðendum virðisaukaskatts í tolli var leyft að skipta greiðslu hans í þrennt og komu þá aðeins 2/3 hlutar skattsins til greiðslu í janúar og febrúar en 1/3 hluti skatts þeirra sem nýttu sér greiðsludreifinguna koma til greiðslu í mars. Þessi greiðslufrestunarheimild hefur heldur meiri áhrif til lækkunar en þær heimildir sem giltu á sama tíma í fyrra. Aðrir veltuskattar, sem eru einkum ýmis vörugjöld, námu 9,8 ma.kr. og jukust um 7,9% frá fyrra ári og voru lítillega yfir tekjuáætlun fjárlaga. Tekjur af tryggingagjaldi voru 10,4 ma.kr. sem er aukning um 16% frá sama tíma 2010 og 1,4% yfir áætlun. Aðrar tekjur ríkissjóðs (aðrar en skatttekjur, fjárframlög og eignasala) námu 5,7 ma.kr. sem er 3% samdráttur frá sama tíma árið 2010. Hér er einkum um að ræða vaxtatekjur og tekjur af sölu vöru og þjónustu. Vaxtatekjur af endurlánum voru 1,3 ma.kr. umfram áætlun, að mestu vegna kröfu sem var á gjalddaga 2010 en greidd í janúar 2011. Loks voru tekjur af sölu eigna 73 m.kr. en þær voru 190 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Greidd gjöld námu 79 ma.kr. og drógust saman um 8,5 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,7%. Þá voru greidd gjöld um 1,5 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins, eða 1,8%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs drógust saman um 2,7 ma.kr. milli ára og voru jafnframt um 730 m.kr. innan fjárheimilda ársins. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu drógust saman um 82 m.kr. á milli ára og voru 1,3 ma.kr. innan fjárheimilda. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 2,3 ma.kr. milli ára sem skýrist að stærstu leyti með flutningi á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.

Útgjöld til heilbrigðismála stóðu nokkurn veginn í stað milli ára en voru 371 m.kr. innan áætlana. Útgjöld til öldrunarheimila var 151 m.kr. hærri en á sama tímabili 2010 en á móti dragast útgjöld Landspítala saman um 207 m.kr. milli ára sem er í samræmi við það sem gert var ráð fyrir. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála drógust saman milli ára um 676 m.kr. Jafnframt voru útgjöld til þess málaflokks 578 m.kr. innan heimilda. Áætlanir höfðu gert ráð fyrir að útgjöld vegna ýmissa framkvæmdaliða t.d. Vegagerðarinnar yrðu meiri á fyrstu mánuðum ársins en raunin varð. Útgjöld til menntamála voru 1,6 ma.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra en voru nokkurn veginn í samræmi við fjárheimildir tímabilsins. Þetta skýrist að mestu með greiddum útgjöldum Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem voru um 1,5 ma.kr. lægri. Þessi frávik skýrast að mestu með flutningi á greiðslum milli ára. Útgjöld til menningar-, íþróttar- og trúmála voru 174 m.kr. lægri en á sama tímabili í fyrra og 93 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins.

Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála drógust saman um 455 m.kr. milli ára en voru 137 m.kr. umfram heimildir tímabilsins. Þarna munar langmest um fjárfestingar Landhelgisjóðs en á árinu 2010 voru mikil útgjöld vegna kaupa á flugvél fyrir Landhelgisgæsluna og nýju varðskipi. Útgjöld til umhverfisverndar voru 196 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 67 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Endurvinnslunnar skýra þessa aukningu að mestu leyti. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 20 m.kr. en voru 192 m.kr. yfir heimildum tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust saman um 72 m.kr. milli ára og voru 97 m.kr. innan heimilda. Óregluleg útgjöld drógust saman um 423 m.kr. milli ára en voru 642 m.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum, sem skýrist að mestu með útgjöldum vegna Ríkisábyrgða. Útgjöld vegna Ríkisábyrgða voru 173 m.kr. lægri en í fyrra en voru þrátt fyrir það 567 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 228 m.kr. lægri en í fyrra.

Gjöld ríkissjóðs janúar-febrúar 2009-2011

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2009	2010	2011	2010	2011
Vaxtagreiðslur	7 012	14 134	11 409	101,6	-19,3
Almenn opinber þjónusta	7 882	6 839	6 757	-13,2	-1,2
Varnarmál	205	313	293	52,9	-6,4
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	2 768	3 369	2 914	21,7	-13,5
Efnahags- og atvinnumál	9 151	7 564	6 888	-17,3	-8,9
Umhverfisvernd	418	375	571	-10,3	52,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	26	105	33	300,2	-68,6
Heilbrigðismál	17 853	17 572	17 479	-1,6	-0,5
Menningar- íþróttar- og trúmál	3 304	3 049	2 875	-7,7	-5,7
Menntamál	10 185	11 240	9 602	10,4	-14,6
Almannatryggingar og velferðarmál	20 061	20 442	18 156	1,9	-11,2
Óregluleg útgjöld	1 585	2 444	2 021	54,2	-17,3
Gjöld alls	80 450	87 447	78 997	8,7	-9,7

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var jákvæður um 7,2 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var lánsfjárfjöfnuðurinn rétt fyrir ofan núllið. Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 750 m.kr. og voru af innlendum skuldum.

Lántökur námu 31,8 ma.kr., þar af námu innlendar lánahreyfingar 24,2 ma.kr. Gefin voru út óverðtryggð ríkisverðbréf fyrir 30,5 ma.kr. en á móti lækkaði stofn ríkisvixla um 6,3 ma.kr. Endurmat gjaldeyrisreikninga nam 7,6 ma.kr.